



Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir árið 2005, lesin á aðalfundi félagsins þann 25. apríl 2006

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 53. starfsári var með nokkuð hefðbundnu sniði. Starfsvettvangurinn var sem fyrr Hellisskógur og það virðist koma æ betur í ljós, með hverju árinu sem líður, hversu trjágróður virðist vaxa og dafna þar vel. Mjög mikill vöxtur trjáa, sérstaklega birkis, er ekki undantekning heldur regla. Ekki voru sendir út greiðsluseðlar vegna félagsgjalds, en í hitteðfyrri greiddu 123 félagsgjald. Samkvæmt félagaskrá eru nú 140 skráðir meðlimir í félaginu.

Eitt af helstu markmiðum félagsins er að efla áhuga og tengsl félagsins við börn og unglinga. Þetta hefur m.a. verið gert í gegnum grunnskólana í bænum ásamt vinnuskóla sveitarfélagsins. Síðastliðið sumar unnu 15-16 ára unglinga vinnuskólans við gróðursetningu. Félagið keypti sérstaklega í gegnum Suðurlandsskóga 5.000 skógarplöntur, aðallega birki og greni sem krakkarnir gróðursettu í júnímánuði.

Að hefðbundnu sniði var efnt til tveggja almennra vinnukvölda á vegum félagsins. Fyrri kvöldið var mánudaginn 13. júní og miðvikudaginn 15. júní. Gróðursett var á svæðum neðan skurðar, beggja vegna Hellisbrúar neðan við Biskupstungnabraut og voru settar niður um 1500 plöntur, ____ birki og ____ greni. Landið hafði áður verið jarðunnið með svokölluðum hrosshagaplóg. Þá var og gróðursettar 700 plöntur af reynivið í kvæmatilraun á vegum suðurlandsdeildar Skógræktar ríkisins, á svæði austan Hellisbrúar. Fróðlegt verður að fylgjast með og sjá afrakstur þeirrar tilraunar þar sem reyniviður eru jú ein af okkar fáu íslensku trjátegunda sem vonandi verður meira notuð til skógræktar í framtíðinni.

Á árinu var lokið við endurskoðun aðalskipulags fyrir sveitarfélagið Árborg. Formaður var boðið til eins fundar með skipulagshöfundum til skráfs og ráðagerðar. Félagið gerði tillögu að nýrri aðkomu að Hellisskógi frá Stekkholti, sem kynnt var á síðasta aðalfundi félagsins, og var tekið tillits til þess í nýju skipulagi. Þannig er gert ráð fyrir að vegur verði lagður frá Stekkholti / Einholti beint yfir yfir mýrina að hjarta svæðisins við hellishólinn. Í framhaldi af því mætti hugsa sér að loka mætti fyrir innkeyrslu frá íbúðarhverfinu í Ártúni en gera þar aðkomu og bílastæði þar sem miðað yrði við að gengið væri meðfram ánni. Bílaaðkoma að ánni yrði þó hugsanleg frá nýrri aðkomu og niður að á, t.d. fyrir veiðimenn.

Að öðru leyti eru skógræktarsvæði við Hellisskóg óbreytt í aðalskipulagi nema hvað opnað er fyrir frístundahúsabyggð á "Vigdísarreitnum" svonefnda á kostnað skógræktar, og er það ákveðið áhyggjuefni sem ræða þarf frekar við bæjaryfirvöld.

Ekki var framkvæmt við vegagerð á árinu, en þó fékkst samþykki fyrir styrk úr pokasjóði til slíks verkefnis, skv. nánara samkomulagi. Þá fékk félagið sérstaka styrkveitingu úr menningasjóði sveitarfélagsins á árinu 2005.

Á undanförunum misserum hefur nokkuð verið velt vöngum yfir framtíð félagsins og hlutverki skógræktarféлага almennt. Þar blandast inni í m.a. vissar áhyggjur af vaxandi ásókn í landspildur í og við þéttbýli og að sumu leyti veikum þjónustusamningi við sveitarfélagið um skógræktarsvæðið. Umræður snúast einnig um sterka fjárhagsstöðu félagsins og hvert skuli stefna í fjárfestingum. Einnig er áhyggjuefni dræm almenn þáttaka í gróðursetningum. Það er stefna stjórnar að óska eftir viðræðum við bæjaryfirvöld til þess að freista þess fá öruggari umráðarétt á svæðinu til framtíðar, ella komi til fjárbóta vegna vinnu félagsmanna í gegnum tíðina, verði landið numið til annara nota í framtíðinni. Æskileg væri að samhliða nýjum samningi yrði sérstakt átak frá hendi sveitarfélagsins til að gera nýja aðkomu og stórbæta stíga- og vegagerð í Hellisskógi og bæta þannig aðgengi og upplifun almenning af svæðinu.

Sem fyrr er skipulögð almenn gönguferð á vegum félagsins í tengslum við "Vor í Árborg" og er það liður í að auka áhuga almennings á félaginu og Hellisskógi. Ferðirnar hafa verið misvel, eða illa sóttar, en vert er að reyna til þrautar því víst er að þær eru fróðlegar og ánægjulegar þeim sem þær sækja undir dyggri leiðsögn Arnar Óskarssonar.

Starf félagsins á árinu hefur að nokkru leyti verið í kyrrstöðu og er þar um að kenna slælegu frumkvæði formanns í miklum persónulegum öllum. Ég hef ákveðið að sækjast ekki eftir formanskjöri en er tilbúinn að starfa áfram í stjórn sé þess óskað. Núverandi stjórn þakkar félögum, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi samstarfið á liðnu ári, og sýnir hug sinn til félagsins með því að bjóða öll fram krafta sína til stjórnunarverka á komandi skógræktarári.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,
Hemann Ólafsson, formaður